

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. febrúar 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Vesturbæjarsundlaugar, birtist í Fréttablaðinu á morgunn föstudaginn 25. febrúar 2022. Tillagan er í kynningu frá 25. febrúar 2022 til og með 8. apríl 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/vesturbaejarsundlaug>

Vesturbæjarsundlaug

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar. Í breytingunni felst að lóðarmörk við Einimel 18-26 eru færð út sem nemur 3,1 m og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **25. febrúar 2022 til og með 8. apríl 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 8. apríl 2022**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is